



Fjölbrautaskóli Suðurnesja

Keflavík
Sími 92-3100

167. fundur skólanefndar

23/12 1991

Mættir: Sigríður Jóhannesdóttir, formaður, Gestur Pétursson, Gísli Torfason, Guðjón Kristjánsson, Kristbjörn Albertsson, Magnús Óskar Ingvarsson og Hjálmar Árnason, skólameistari.

Dagsráð:

1. Nýráðningar
2. Önnur mál

Formaður setti fund og bauð fundarmenn velkomna.

Í upphafi fundar sagði skólameistari frá því að þau mistök hafi orðið við fundarboðun síðasta fundar að fulltrúi NFS hafi ekki verið boðaður og þaðst afsökunar á því og bauð honum að koma með athugasemdir við fundarefni síðasta fundar undir liðnum önnur mál.

1. Nýráðningar.

Þrjár kennarastöður eru lausar nú um annamót, efnafræðistaða frá í haust og íslensku- og félagsfræðistaða ásamt nokkrum stundakennslu í sálfræði. Nokkrar umsóknir hafa borist, skólameistari mælir með eftirtöldum:


Klemenx Sæmundssyni í stöðu efnafræðikennara, Sævari Tjörvasyni í stöðu félags- og sálfræðikennara og Karli Smára Hreinssyni í stöðu íslenskukennara. Skólanefnd samþykkti tillögur skólameistara.

2. Önnur mál

- a) **Útskrift** fór fram með hefðbundnum hætti 20. desember s.l. í Y-Njarðvíkirkirkju. Dreift var yfirliti um fjölda brautskráðra eftir brautum og byggðum. Undirbúningur undir næstu önn er vel á veg kominn. Vinna hefst 6. janúar en kennsla þann 13.
- b) **Nýbygging** FS er á nýafgreiddum fjárlögum, ekki er gert ráð fyrir námsgjöldum en flatur niðurskurður boðaður.
- c) Umræða varð um **sjóði** skólans og reglur þeirra sem samþykktar voru á síðasta fundi skólanefndar.

Skólameistari þakkaði skólanefnd ánægjulegt samstarf og óskaði fundarmönnum gleðilegra jóla, formaður tók undir þær óskir og Gísli Torfason þakkaði skólanefnd fyrir hönd starfsmanna FS rausnarlegar veitingar eftir síðustu skólaslit.

Fleira ekki gert og fundi slitið



Sigríður Jóhannesdóttir
formaður



Hulda Björk Þorkelsdóttir
fundarritari

des. 1991

UMSÓKNIR UM KENNARASTÖÐUR

Efnafræði: 1. Klemens Sæmundsson, meistaragráðu í næringarfræði frá USA með áherslu á efnafræði.

2. Ólafur E. Ólafsson, lyjafræðingur frá HÍ.

Hvorugur umsækjenda með UK og hvorugur með kennslureynslu.

Félagsfræði: 3. Guðrún Pétursdóttir, diplom-próf frá Pýskalandi í þjóðfélagsfræðum með sálarfræði, stjórnmálafræði og uppeldisfræði sem aukagreinar. Fimm ára nám.

4. Jens Pétur Þórisson, félagsfræðingur frá HÍ. Kennsla í grunnskóla í fjögur ár.

5. Sævar Tjörfason. Er að ljúka doktorsprófi í félagsfræðum frá Lundarháskóla í Svíþjóð. Sálarfræði aukagrein.

Enginn umsækjenda hefur UK. Skólann vantar kennara í sálarfræði samhliða kennslu í félagsfræði.

Íslenska: 6. Karl Smári Hreinsson, magister íslensku frá HÍ ásamt UK. Hefur leyfisbréf í grunn- og framhaldsskóla. Engin kennslureynsla en um áratugareynslu sem leiðsögumaður.

7. Oddgeir Eysteinnsson, BA-próf í íslensku frá HÍ, mun ljúka fljótlega M.litt.-gráði í gelískum fræðum frá háskólanum í Aberdeen. Hefur lokið 27/30 ein. í UK frá HÍ. Kennslureynsla á framhaldsskólastigi er þrjú og hálft ár.



Fjölbrautaskóli Suðurnesja

Sunnubraut 36 230 Keflavík Sími 92-13100, 13101

Fjöldi þeirra sem útskrifast eftir byggðarlögum:

Suðureyri	1
Vogar	2
Njarðvík	10
Garður	1
Sandgerði	5
Grindavík	6
Keflavík	28
Reykjavík	3
Egilsstaðir	1
Grundarfjörður	1
Húsavík	1

Skipting eftir brautum:

Stúdentar	26
Grunnd. háriðna	3
Vélstj. 1. stig	9
Vélstj. 2. stig	1
Iðnnám	8 (5 smiðir, 2 múrarakar, 1 netagerðar)
Skiptinemi	1 (almennt bóknám)
2ja ára brautir	5
Sjúkraliðar	6

Verðlaun til eftirtalinna:

Veigar Margeirsson, fyrir ágæta skapandi frammistöðu í félagslífi FS
Sigrún Eva Kristinsdóttir, fyrir störf að félagsmálum FS
Harpa Ólafsdóttir, fyrir góðan námsárangur í efnafræði
Margrét Blöndal, fyrir góðan námsárangur í stærðfræði
Daníel Guðbjartsson, fyrir góða frammistöðu stærðfræðikeppni framhaldsskóla.
Bradley Stewart, skiptinemi frá Nýja - Sjálandi
Björgvin Þór Hólm fyrir frumleika og sköpun (beituskurðarvél)